



ERINDISBRÉF

starfshóps um endurskipulagningu þjónustu við markhóp unglingsmiðja

Ábyrgðarmaður: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri

Inngangur:

Á fundi borgarstjórnar þann 6. desember 2022 voru samþykktar 92 tillögur meirihlutflokka Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um hagræðingu í rekstri borgarinnar á næsta ári upp á um annan milljarð króna. Meðal annars er lagt til að starfsemi unglingsmiðjanna Stígs og Traðar leggist af og markhópi úrræðanna verði sinnt í samstarfi fagfólks félagsmiðstöðva og Keðjunnar sem hluti af Betri borg fyrir börn. Unglingsmiðjurnar eru úrræði sem eiga rætur á tíma þegar mun færri fagfólk var í frítímaþjónustu borgarinnar og eru nú hluti Keðjunnar sem veitir fjölskyldum fjölbættan stuðning. Þjónusta við markhóp úrræðanna verður endurskipulögð. Heildarþjálfing til þeirra eru 63 m.kr. á ári

Markmið:

Markmið með stofnun starfshópsins er að leggja fram tillögu um mögulega útfærslu á samþykkt borgarstjórnar um að starfsemi unglingsmiðja verði starfrækt með breyttu fyrirkomulagi.

Hlutverk:

Leggja mat á hvaða samlegðaráhrif eru til staðar á milli starfsemi unglingsmiðja/Keðjunnar og frístundastarfs/sértæks frístundastarfs félagsmiðstöðva og hvernig megi ná fram slíkum áhrifum m.a. með þjónustukeðju/brú á milli úrræða.

Greina stöðu og þjónustubörf þeirra ungmenna sem nýtt hafa úrræðin síðastliðin tvö ár m.a. með tilliti til þess hvort hópurinn hafi nýtt fyrirbyggjandi frístundaúrræði.

Leggja fram kostnaðarmetna tillögu um hvernig megi endurskipuleggja þjónustuna við markhóp unglingsmiðja í samstarfi við skóla- og frístundasvið.

Starfshópurinn skipa:

Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé, framkvæmdastjóri Keðjunnar sem leiðir hópurinn.

Belinda Karlsdóttir, forstöðumaður unglingsmiðja.

Guðrún Halla Jónsdóttir, verkefnastjóri, Austurmiðstöð.

Sigurlaug H. Traustadóttir, ráðgjafi, Norðurmiðstöð.

Sigríður Rut Hilmarsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu frístundamála í málefnum fatlaðra barna.

Þórhildur Rafns Jónsdóttir, deildarstjóri unglingsviðs í frístundamiðstöðinni Kringlumýri.

Leiðtogi hópsins sér um utanumhald, boðun funda, ritun fundargerða og önnur praktísk atriði.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig, eftir því sem við á, ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu m.a. hjá forstöðumönnum félagsmiðstöðva og deildarstjórum unglingsstarfs og Keðjunnar. Áherslu skal leggja á samráð við notendahópa.



Reykjavíkurborg

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn starfar á tímabilinu 11. - 31. janúar 2023 og skilar ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum í lok þess tíma.

Reykjavík, 11. janúar 2023

Rannveig Einarsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs